



Áætlun um innra mat

fimm ára áætlun 2014-2019

Samkvæmt grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla skal hver skóli meta árangur og gæði skólstarfsins með kerfisbundum hætti. Matið skal vera tengt markmiðum skólans og aðferðir skulu taka mið af sérstöðu skólans og þeim viðfangsefnum sem unnið er með hverju sinni.

Gagnaöflun innra mats á skólstarfi í Egilsstaðaskóla byggir m.a. á þátttöku skólans í Skólapúlsinum. Úrtak nemenda í 6.-10.bekk taka fjórum sinnum á vetri þátt í könnunum Skólapúlsins. Í kjölfar kannana berast stjórnendum upplýsingar um 19 matsþætti tengda virkni nemenda, líðan þeirra og skóla- og bekkjaranda. Starfsmannakönnun Skólapúlsins fer fram í mars á ári hverju og niðurstöður hennar berast skólanum í byrjun apríl.

Foreldrakönnunin er framkvæmd í febrúar ár hvert. Könnunin er gerð meðal foreldra barna á öllum aldurstigum skólans. Könnuninni svara 120 foreldra líkindaúrtak.

Aðrir þættir sem lagðir eru til grundvallar mati á skólstarfi í Egilsstaðaskóla eru eineltiskönnun á vegum Olweusarverkefnisins sem lögð er fyrir alla nemendur skólans frá 4.-10.bekk í nóvember. Þar að auki eru foreldrafundir og rýnifundir með nemendum og foreldrum. Að öðru leyti mótast aðferðir við innra mat af því viðfangsefni sem verið er að meta.

Niðurstöður innra mats skólans eru birtar í matsskýrslu sem gefin er út hvert vor. Þær eru kynntar í skólaráði, fræðslunefnd, foreldrum, nemendum og starfsmönnum. Það er gert með eftirfarandi hætti. Skýrslunni er dreift til fulltrúa í fræðslunefnd og skólaráði og fylgt eftir með kynningu á fundum þessara ráða. Foreldrum eru kynntar helstu niðurstöður í fréttabréfi auk þess sem hluti af niðurstöðum eru einnig kynntar á heimasíðu skólans. Nemendum í 6.-10.bekk eru kynntir helstu þættir með stuttum kynningum í bekk. Starfsmönnum eru kynntar helstu niðurstöður á starfmannafundum. Matsskýrsla skólans er aðgengileg á heimasíðu skólans og einnig matsáætlun, úrbótaáætlun og upplýsingar um matshóp skólans.

Hér fyrir neðan eru viðfangsefni mats á skólstarfi í Egilsstaðaskóla og hvaða viðfangsefni eru í brennidepli á hverju skólaári.

| | 2014-2015 | 2015-2016 | 2016-2017 | 2017-2018 | 2018-2019 |
|---|-----------|-----------|-----------|-----------|-----------|
| Skólanámskrá t.d. Stefna, markmið, inntak náms og námsmat | | | | | |
| Starfsáætlun, t.d. Skipulag, verkferlar og stoðþjónusta | | | | | |
| Nám og námsárangur | | | | | |
| Nemendur t.d. Líðan, þarfir, starfsandi og samstarf | | | | | |
| Kennsla - Kennsluhættir, starfsþróun og fagmennska | | | | | |
| Starfsfólk t.d. líðan, starfsandi og samstarf | | | | | |
| Stjórnun | | | | | |
| Viðmót og menning skóla | | | | | |
| Aðbúnaður, vinnuaðstaða | | | | | |
| Samstarf heimili og skóla | | | | | |
| Ytri tengsl t.d. Við önnur skólastig og nærsamfélagið | | | | | |
| Umbótaaðgerðir/þróunarstarf | | | | | |
| Ráðstöfun auðlinda s.s. búnaðar, mannauðs og umhverfis | | | | | |